

Fundargerð 83. fundar í stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, sem haldinn var þann 07. nóvember 2013, kl. 10:30 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjaneshreppi.

Mættir: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson,  
Árni Sigfússson,  
Friðjón Einarsson,  
Sigrún Árnadóttir,  
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri  
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkv.stjóra sem jafnframt ritaði  
fundargerð.  
Inga Sólnes boðaði forföll.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Borinn upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.

#### 2. Seltún

Framkvæmdastjóri greindi frá væntanlegu fjórhlíða samkomulagi milli aðila er komu að framkvæmdum um sjúkrahúsverkefnið á Ásbrú. Stjórn samþykkti samhljóða að ganga til þessara samninga við þessa aðila.

#### 3. Samstarf við Íslandsstofu

Kynnt var fyrir stjórn samstarfssamningur við Íslandsstofu um sóknarfæri til Kína. Stjórn var sammála um að þetta sé gott verkefni að styðja og gaf framkvæmdastjóra heimild til að vinna áfram að verkefninu.

#### 4. Borealis Data Center

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu þessa máls. Stjórn telur nauðsynlegt að setja inn í samninginn ákvæði um að Borealis Data Center setji fram ákveðna upphæð í verkefnið áður en PK leggur í fjárfestingu í lóðinni.

#### 5. Málmey

Farið var yfir stöðu Málmejar. Nýjir eigendur eru að koma að fyrirtækinu og hafa sýnt áhuga um að leigja áfram þá aðstöðu sem fyrirtækið var í á Ásbrú. Stjórn var sammála um að áður en ákvörðun um leigu til nýrra eigenda verður tekin verða þeir að sýna fram á innborgun nýs hlutafjár inní fyrirtækið upp á kr. 20 milljónir. Verði það gert, þá verði gengið til saminga um leigu á



húsnæðinu, sem verði þá árssamningur, gildandi frá mánuði til mánaðar, uppsegjanlegur ef leigugjöld eru ekki greidd innan eindaga.

6. *MOU – Iceland Trade Park*

Málinu var frestað til næsta stjórnarfundar.

7. *Koltreffaverksmiðjur*

Málið var kynnt.

8. *Raflest*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn hugmyndir um raflest milli Suðurnesja og höfuðborgarinnar. Stjórn var sammála um þátttöku í þessu verkefni og felur framkvæmdastjóra að halda verkefninu áfram.

9. *Topic ehf.*

Málinu var frestað til næsta stjórnarfundar.

10. *Önnur mál*

Tónlistarhátið á Ásbrú.

Málið var kynnt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00

*Óllyr. H. Óllyrahunum  
Jóni Símun  
FingerSólnes  
Sigrún Þóralð Á  
G. Þorlák*